

# Innköllum á glútenlausu „Trafo Tortilla chili snakk“

Reykjavík, 13. febrúar 2018

**Efni:** Innköllum á glútenlausri vöru „Trafo Tortilla chili snakk“ þar sem hún inniheldur glúten.

Icepharma hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla Trafo Tortilla chili snakk þar sem það er merkt glútenlaust en inniheldur glúten.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörunar sem innköllumin einskorðast við:

**Vöruheiti:** Trafo Tortilla chili snakk

**Strikanúmer:** 8712423019348

**Nettómagn:** 200 gr

**Lotunúmer:** 372150331 og 373330331

**Best fyrir:** 3.4.2018 og 29.7.2018

**Framleiðandi:** FZ Organic

**Dreifing:** Nettó verslanir, Kjörbúðin, Fjarðarkaup og Melabúðin.

Neytendur sem keypt hafa vöruna með framangreindri dagsetningu mega skila henni í verslanir þar sem varan var keypt eða til Icepharma, Lynghálsi 13, milli 8-16 alla virka daga.

Fullyrt er á umbúðum vörunnar að hún sé glútenlaus (e. gluten free) en til að mega nota þessa fullyrðingu við markaðssetningu á matvælum mega þau ekki innihalda meira en 20 mg/kg af glúteni. Við innra eftirlit framleiðanda hefur komið í ljós að „Trafo Tortilla chili snakk“ inniheldur meira en 20 mg/kg af glúteni og er hún því ekki örugg fyrir einstaklinga sem eru með ofnæmi- eða óþol fyrir korni sem inniheldur glúten.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir glúteni. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir glúteni eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða hafa samband við Icepharma, Lynghálsi 13, í síma 540 8000.

Nánari upplýsingar fást hjá Icepharma í síma 540-8000